

## **43. Fundur í umhverfis- og skipulagsnefnd Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar þriðjudaginn. 21. janúar 2014 og hófst kl 13:00**

**Mættir: Steinunn Leósdóttir formaður, Sóley Indriðadóttir, Björgvin Þóroddsson, Josteinn Hermundarson, Kristján Úlfarsson, Ólafur Steinarsson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.**

Formaður bauð fundarmenn velkomna spurði hvort nefndarmenn hefðu eitthvað við fundarboð að athuga. Svo var ekki

### **Dagskrá:**

#### **1. Bréf og bæklingur frá Skipulagsstofnun dagsett 14.1.2014**

Lagt fram til kynningar

#### **2. Umsókn um leyfi til að byggja bílskúr í Pálmholti.**

Umsóknin er móttækin og rædd. Sveitarfélagið þarf að útfæra í deiliskipulagi hvaða möguleikar eru fyrir hendi til að byggja bílskúra við húsin.

#### **3. Umsókn um stöðuleyfi fyrir bátinn Loka PH 52**

Málið tekið fyrir. Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykktir fyrir sitt leyti stöðuleyfið fyrir bátinn fyrir aftan húsið. Samþykkt samhljóða.

#### **4. Umsókn um stækkun á atvinnuhúsnæði í Stórholti**

Teikning af stækkun á húsnæðinu lagðar fyrir umhverfisnefnd. Skoða þarf betur hvort þetta rúmist innan lóðamarka.

Umsóknin tekin til umræðu en ekki afgreidd. Umhverfis- og skipulagsnefnd óskar eftir frekari gögnum um málið áður en það verður tekið til afgreiðslu.

#### **5. Einbýlis hús á lóð í Lækjarvegi eða Langanesvegi**

Lögð fram teikningar til kynningar um hugsanlegar breytingar á húsinu sem um ræðir. Þær á eftir að útfæra nánar.

#### **6. Lóðamál í Stórholti**

Umhverfis- og skipulagsnefnd óskar eftir afstöðumynd og teikningum til að hægt sé að taka málið fyrir og afgreiða.

#### **7. Deiliskipulag og nýbygging leikskóla hjá Grunnskólanum á Þórshöfn.**

Ólafur kynnti fyrir fundarmönnum hvernig málið er statt. Fundarmenn skoðuðu tillögu um staðsetningu. Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir að áfram verður unnið með þessa staðsetningu og deiliskipulagsvinnan verði sett af stað. Samþykkt samhljóða.

#### **8. Fyrirspurn vega KL súlunnar.**

Erindi barst á skrifstofu Langanesbyggðar þess efnis hvort sveitarfélagið sé tilbúið til þess varðveita súluna. Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur ekki afstöðu til málsins og vísar því áfram til sveitarstjórnar.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða.